



Íslenskt fjarðatal í handritinu AM 415 4to frá upphafi 14. aldar

## EFNISYFIRLIT

	bis.
FYLGIT ÚR HLAÐI	3
SKIPULAG OG SKIPURIT	4
FJÓRIR VEGVÍSAR	5
ALDARAFMÆLI ÖRNEFNASÖFNUNAR	7
SUMARIÐ 2010 Á ÁRNASTOFNUN	8
LIFANDI GAGNASÖFN	9
RANNSÓKNIR	10
SAMSTARF INNANLANDS	14
MÍÐLUN OG KENNSLA	16
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	18
VIÐBURÐIR 2010	20

við þessum fundi samþykkt. Þá laundgátur þarum og þó allgöngu  
er niður á Laglundi þrjú dög

17. Reykholt, helið 20<sup>th</sup> lík. með Högandi þrumu 8<sup>th</sup> þá N<sup>o</sup> 30  
er í Lauinordur frá Reykholti og ofar í gálfumum eru

18. Þreidarbaldstæður 20<sup>th</sup> þegar 3 þringu haldur þarðir þafa  
frýskap allgöngu og nokkurn útigang. Þó þessu málfæri

19. Ulfstæður 16<sup>th</sup> þrumu 24<sup>th</sup> þáttu þessu þróttlimum þar  
er þá þegar góðar og þessu útigangur. Þar þessu málfæri

20. Hlofstæður 20<sup>th</sup> þrumu þafa þessu þótti og nokkurn jörð.

21. Uppfalið 16<sup>th</sup> þrumu 24<sup>th</sup> þáttu þessu málfæri og ofar þar er  
þróttlimum þar er þessu þegar þróttur er útigangur allgöngu.

22. Kollstæður 16<sup>th</sup> þafa 24<sup>th</sup> málfæri þar er þessu þessu  
frýskap er útigangur þessu þessu þessu þessu þessu þessu

þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu  
þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu

þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu  
þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu

þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu  
þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu

þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu  
þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu

þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu  
þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu þessu

# FYLGTT ÚR HLAÐI



Árið 2010 var viðburðaríkt og blómlegt í starfi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hlúð var að verðmætum gögnum stofnunarinnar og ötullega unnið að miðlun þeirra til almennings og fræðimanna með því að yfirfæra þau á stafrænt form. Starfsmenn unnu að rannsóknum á fjölbreyttum sviðum íslenskra fræða, leiðbeindu nemendum í rannsóknarnámi og miðluðu rannsóknum sínum.


Hönnun á hinu nýja Húsi íslenskra fræða miðaði vel á árinu og verður henni lokið vorið 2011. Nýtt hús mun hýsa alla starfsemi stofnunarinnar og sýningu á handritum. Þá kemst starfsemin jafnframt í beint samband við starf Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands sem mun opna ný tækifæri.

Árnastofnun fagnaði því á síðasta ári að öld var liðin frá því að skipuleg örnefnasöfnun hófst á Íslandi: elstu dagsettu skrárnar í örnefnasafni stofnunarinnar eru dagsettar í október 1910 með hendi Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi. Nánar er sagt frá söfnun örnefna á blaðsíðu 7 í skýrslunni. Í tilefni af afmælinu var blásið til skemmtilegs málþings um örnefni 30. október. Þar kom vel fram hve mikil auðlegð er í örnefnaskránum og hve þekking á örnefnum skiptir miklu í rannsóknum á sögu og náttúru landsins, sem og orkurannsóknum. Forsíðu ársskýrslunnar prýðir uppdráttur af Þorskafirði eftir Samúel Eggertsson.

Rekstur síðasta árs reyndist erfiðari en áætlanir stóðu til. Fjárhagsáætlun var mjög knöpp svo að ekki mátti mikið út af bregða. Niðurskurður í fjárveitingum hefur komið hart niður á stofnuninni því að hún hafði ekki, fremur en þær stofnanir sem hún sprettur úr, notið aukningar í fjárveitingum þegar betur áraði. En starfsmenn sóttu fram í styrkjaumsóknum svo að sáð var til nýrra og spennandi verkefna.

Gleðilegt er að finna hve mikillar velvildar stofnunin nýtur hér heima og erlendis. Gögn stofnunarinnar, handrit, orðfræði- og örnefnagögn og hljóðupptökur, laða að sífellt stærri hóp fræðimanna og vekja áhuga almennings. Á árinu 2011 tekur stofnunin þátt í bókamessunni í Frankfurt með spennandi handritasýningu og í lok ársins verður opnuð ný rafræn samnorræn orðabók sem skapar mörg spennandi tækifæri. Framtíðin er svo sannarlega björt.

# SKIPURIT STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM



## SKIPULAG OG SKIPURIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Skipulag stofnunarinnar markast af forsögu hennar í fimm stofnunum og því að hún hefur enn þrjár starfsstöðvar, í Árnagarði, á Neshaga 16 og í Þingholtsstræti 29. Auk þess er handritasýning í Þjóðmenningarhúsi. Þegar stofnunin flyst í Hús íslenskra fræða verður hægt að einfalda skipurit hennar.

Stjórn stofnunarinnar er forstöðumanni til ráðgjafar. Stjórnina skipa Lára Magnúsdóttir formaður, Ásgrímur Angantýsson varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Terry Gunnell og Torfi Tulinius. Þau þrjú síðastnefndu eru tilnefnd af Háskóla Íslands. Starfsmenn voru 41 í lok árs 2010.

### STARFSMENN Á ÁRINU 2010

#### Forstöðumaður

Guðrún Nordal

#### Alþjóðasvið

Úlfar Bragason, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

#### Málræktarsvið

Ari Páll Kristinsson, Ágústa Þorbergsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

#### Handritasvið

Sigurgeir Steingrímsson, Einar G. Pétursson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Haraldur Bernharðsson, Hersteinn Brynjólfsson, Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Kristján Eiríksson, Margrét Eggertsdóttir, Soffía Guðný Guðmundsdóttir, Svanhildur Gunnarsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir, Sverrir Tómasson, Þórunn Sigurðardóttir

#### Nafnfræðisvið

Hallgrímur J. Ámundason, Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir, Jónína Hafsteinsdóttir

#### Orðfræðisvið

Guðrún Kvaran, Ásta Svavarsdóttir, Gunnlaugur Ingólfsson, Halldóra Jónsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Kristín Bjarnadóttir, Sigrún Helgadóttir, Þórdís Úlfarsdóttir

#### Þjóðfræðisvið


Gísli Sigurðsson, Rósa Þorsteinsdóttir

#### Stjórnsýslusvið

Þórunn Ragnarsdóttir, Bessi Aðalsteinsson, Guðmundur Auðunsson, Guðmundur G. Guðmundsson, Helga Ingvarsdóttir, Kári Kaaber, Rósa Sveinsdóttir, Sigurður Valtýsson, Ævar Sigurðsson

#### Bókafns- og upplýsingasvið

Ólöf Benediktsdóttir



Uppdráttur Samúels Eggertssonar (1864–1949) af Vatneyri

## FJÓRIR VEGVÍÐAR

### Opinn aðgangur

Stofnunin vinnur markvisst að því að opna aðgang að gögnum sínum. Hluti af frumgögnum stofnunarinnar er nú þegar skráður í rafrænni mynd en stefnt er að því að rafræn skráning verði stóraukin á komandi árum og takmarkið er opinn aðgangur að öllum frumgögnum. Með hinni nýju tækni verða sjálfar frumheimildirnar, ljósmyndir af handritum, hljóðskrár, orða- og örnefnaskrár, gerðar aðgengilegar á Netinu.

### Samstarf


Samstarf er grunnhugtak í starfi stofnunarinnar. Stofnunin er í öflugum samstarfi við Háskóla Íslands og aðrar háskólastofnanir; við rannsóknar- og menningarstofnanir, fræðasetur og söfn um allt land; fyrirtæki á sviði útgáfu, upplýsingatækni, afþreyingar, ferðaþjónustu og menningarmiðlunar; við alþjóðlegar systurstofnanir og háskóla þar sem íslensk fræði eru kennd. En síðast en ekki síst er hún í öflugum samstarfi við almenning í landinu.

### Rannsóknir og nýsköpun

Stofnunin hefur það markmið að vera leiðandi í rannsóknum á sínu sviði í heiminum. Hún hefur einnig það markmið að gögn stofnunarinnar geti orðið aflvaki í nýsköpun á sviði menningarmiðlunar, lista, menningartengdrar ferðaþjónustu og upplýsingatækni, svo fátt eitt sé talið.

### Samhent átak


Sameiningu fimm stofnana á sviði íslenskra fræða í eina árið 2006 lýkur þegar stofnunin sameinast undir einu þaki, ásamt kennurum og nemendum í íslensku við Háskóla Íslands. Í hinu nýja húsi á horni Suðurgötu og Arngrímsgötu munu skapast einstök tækifæri til að samtvinna miðlun hinna verðmætu gagna og kennslu, og tengja almenningfræðslu enn betur við öflugt rannsóknarstarf.



*Brynjúlfur Jónsson (1838–1914) frá Minna-Núpi, fyrsti örnefnasafnarinn, á vettvangi*

*Elsta örnefnaskrá í Örnefnasafni, frá 29. október 1910*

# ALDARAFMÆLI ÖRNEFNASÖFNUNAR



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fagnaði því í október 2010 að öld væri liðin frá því að formleg örnefnasöfnun hófst í landinu. Elstu skrárnar eru úr förum Brynjúlfs Jónssonar (1838–1914) fræðimanns frá Minna-Núpi, ýmist ritaðar af honum sjálfum eða af heimamönnum á bæjum. Ekki eru nærri öll þau plögg dagsett og því ekki vitað um aldur þeirra nákvæmlega. Brynjólfur Bjarnason, bóndasonur í Framnesi á Skeiðum, skrifaði upp örnefni á heimajörð sinni 29. október 1910 fyrir nafna sinn. Er það elsta dagsett skjal í safninu og því höfum við ekki annað betra að festa hönd á um upphaf skipulegrar örnefnasöfnunar.

Brynjólfur Jónsson fór víða og rannsakaði fornleifar og frá því er greint í Árbók Hins íslenska fornleifafélags, í fundargerðum og viðar. Hins vegar er hvergi minnst á örnefnasöfnun hans. Hann fór um Árnesþing árið 1904 og birti ritgerð þar um í árbókinni 1905. Þar koma fyrir mörg bæjanöfn og önnur örnefni án þess að um örnefnaskrá sé að ræða. Erfingjar Brynjúlfs gáfu Þjóðminjasafni Íslands safn hans árið 1963.

Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1913 birtist í fyrsta sinn örnefnaskrá: *Gömul örnefni í Vestmannaeyjum*, eftir Sigurð Sigurfinnsson, og árið eftir tekur Björn Bjarnarson saman örnefnaskrá um bújörð sína, Grafarholt (áður Gröf) í Mosfellsveit, og birtir í árbókinni. Hér er því komin hreyfing á þessi

mál, hugsanlega fyrir áhrif frá Brynjúlfi Jónssyni þótt það verði ekki fullyrnt nema að betur rannsókuðu máli.

Á ársfundi Hins íslenska fornleifafélags 1918 var borin upp og samþykkt tillaga um að æskilegt og nauðsynlegt væri „að félagið gengist fyrir því að safna örnefnum um allt land og skrásetja þau“. Næstu ár voru gerðar itrekaðar tilraunir til að fá styrk úr ríkissjóði til örnefnarannsókna, en það var ekki fyrr en 1924 sem styrkur fékkst og þá ekki eyrnamerkur því verkefni sérstaklega. Árið 1934 höfðu nokkuð gerist að því er séð verður en á aðalfundi 1934 hefur verið sagt frá örnefnasöfnun félagsins á „umliðnu ári“ án þess að gera nánar grein fyrir hver safnaði eða hvar. Söfnun heldur áfram og er nefnd á fundum félagsins af og til fram yfir 1950. Allan sjötta áratuginn eru ýmsir menn að störfum við örnefnasöfnun og hafa sumir til þess styrk frá Hinu íslenska fornleifafélagi en söfnin eru í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Sami háttur er á næstu ár, söfn berast úr ýmsum áttum, bæði frá þeim sem nutu styrkja og öðrum. Þess má geta að Stefán Einarsson prófessor fékk amerískan styrk til örnefnaskráningar á Austurlandi. Um 1966 er farið að vinna að endurskoðun og endurbótum á skrám.

Árið 1969 urðu þáttaskil í starfseminni. Það ár stofnaði menntamálaráðuneytið nýja deild í Þjóðminjasafni, Örnefnastofnun. Skyldi hún ljúka söfnun og endurskoðun örnefna og rannsaka örnefni. Yfirmaður deildarinnar var Þórhallur Vilmundarson prófessor. Húsnæði það sem Örnefnastofnun var fengið til afnota var þó ekki tiltækt fyrr en á fyrri hluta árs 1970 og gat starfsemi þá hafist. Hin nýja stofnun tók við öllum örnefnagögnum Þjóðminjasafns og frá þessum tíma var öll söfnun og skráning örnefna á vegum hennar, ýmist framkvæmd af starfsmönnum sjálfum eða af öðrum undir þeirra stjórn og umsjón. Lengst hafa starfað við Örnefnastofnun Guðrún S. Magnúsdóttir cand. mag. árin 1972–2000 og Jónína Hafsteinsdóttir cand. mag. sem hóf þar störf 1977.

Örnefnastofnun Þjóðminjasafns starfaði undir stjórn Þórhalls Vilmundarsonar allt þar til síðla árs 1998. Voru þá sett ný lög um Örnefnastofnun Íslands og Svavar Sigmundsson ráðinn forstöðumaður. Ný lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tóku gildi 1. september 2006 og voru þá sameinaðar fimm stofnanir af vettvangi íslenskra fræða, þar á meðal Örnefnastofnun Íslands.



# SUMARIÐ 2010



Stúdentar að störfum á orðfræðisviði

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum iðaði af nýju lífi sumarið 2010. Starfsmönnum fjölgaði tímabundið um tuttugu og þrjá yfir sumarmánuðina og var unnið að fjölbreyttum og spennandi verkefnum á öllum sviðum stofnunarinnar.

Störfín voru fjármögnuð af sérstöku Vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnulausa og nemendur á vegum Vinnumálastofnunar (13), Nýsköpunarsjóði námsmanna (8) og Þjóðhátíðarsjóði (2). Verkefni snertu mörg viðfangsefni stofnunarinnar og fékk sumarfólkið, sem flest var háskólanemar, dýrmæta þjálf-

un og skildi eftir varanleg verk innan stofnunarinnar. Stofnað var til nýrra tengsla sem nýtast í framtíðinni. Fjölbreytni verkefnanna og framlag starfsmannanna má ráða af eftirfarandi upptalningu.

## Vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnulausa og nemendur

Jón Friðrik Daðason og Kristján Rúnarsson unnu við vélræna leiðréttingu á rafrænum textum frá fyrri tíð og samræmingu orðmynda; Linda Björk Markúsardóttir skannaði bréf heimildarmanna í orðfræðisafni; Valgerður Hilmarsdóttir vann að stafrænni skráningu handrita; Jóna Berglind Stefánsdóttir og Embla Vigfúsdóttir sökktu sér í lýsingar, stafagerð og áferð handrita og unnu tillögur að gripum sem mætti framleiða og setja á markað; Reynhildur Karlsdóttir og Sverrir Norland unnu að innslætti og samræmingu texta úr Íslenskum miðaldakvæðum; Katrín Ragnarsdóttir sló inn mikið vísa- og kvæðasafn úr Dölum; Aðalheiður Guðmundsdóttir vann að frágangi á gagnagrunni um yfirnáttúruleg minni í fornaldarsögum; Hrönn Konráðsdóttir skannaði örnefnaskrár; Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir vann að rafrænni uppfærslu gamallar skrár um kort og upprætti sem stofnuninni hafa borist og Stefán Ólafsson vann við að greina og skrá inn í gagnagrunn hljóðritað þjóðfræðiefni.

## Nýsköpunarsjóður námsmanna

Ásdís Þórsdóttir vann að greiningu á merkingarvenslum orða; Kristján Friðbjörn Sigurðsson vann við að handleiðrétta málfræðileg mörk í milljón orða textasafni þar sem lagt var mat á nákvæmni vélrænnar mörkunar; Guðmundur Örn Leifsson vann að nýju vefumhverfi sem auðveldar itarleit í íslenskum málsöfnum á vefnum; Giovanni Verri vann að innslætti seðlasafns Árna Magnússonar; Símon Hjaltason vann að frágangi skráa um íslensk handrit á Bretlandseyjum; Álfdis Þorleifsdóttir og Katelín Parsons unnu að samningu lýsandi heimildaskrár sem ætlað er að auðvelda fólki að kynna fjölbreyttum skrifum um Egils sögu og Einar Björn Magnússon gerði vefsíðu um íslenskt málfar með efni úr Málfransbanka Árnastofnunar.

## Þjóðhátíðarsjóður

Guðrún Steinþórsdóttir og Sigríður Sæunn Sigurðardóttir slógu inn notkunardæmi úr seðlasafni Orðabókar Háskólans.

# LIFANDI GAGNASÖFN

Gagnasöfn stofnunarinnar eflast á hverju ári. Stofnuninni eru færð handrit að gjöf, örnefnaskrár verða sífellt fyllri og nákvæmari, orðasöfn stækka, iðorðasöfn eflast og þjóðfræðaeftni er safnað af starfsmönnum stofnunarinnar og fleirum. Hlúð er að gögnunum og unnið að því að miðla þeim til almennings.

## Handrit

Engin ný handrit bárust á árinu. Haldið var áfram vinnu við stafræna ljósmyndun og rafræna skráningu handrita inn í gagnagrunninn *handrit.is*. Grunnurinn var opnaður almenn- ingi 21. apríl og hlaut Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands síðar á árinu. Þá var unnið að því að gera aðgengilegar skrár Ólafs Halldórssonar yfir íslensk handrit í Oxford.

## Orðaforði

Söfn Orðabókar Háskólans, sem safnað var til í rúm 60 ár, eru undirstöðuheimildir við sögulegar rannsóknir á íslenskum orðaforða. Mestur hluti Ritmálssafns, með dæmum úr prentuðum bókum og tímaritum, er aðgengilegur á vefsíðu stofnunarinnar. Á árinu var haldið áfram innslætti notkunardæma. Framan af ári var haldið áfram söfnun úr mæltu máli í samvinnu við Ríkisútvarpið og þáttinn Vitt og breitt. Stofnunin á talsvert af rafrænum textum sem nota má til orðaleitar og dæmasöfnunar. Í lok árs nam safnið um 67 milljónum lesmálsorða. Nokkrir textar bættust í textasafnið 2010, m.a. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.

## Þjóðfræði

Á vegum þjóðfræðisviðs safnaði Kári G. Schram kvikmynda- gerðarmaður u.þ.b. 60 klst. af viðtölum á sunnanverðum Vestfjörðum og í Suðursveit í tengslum við verkefnið *Sögur Íslendinga – Bergmál þjóðar*. Þá bárust sviðinu 17 spólur með upptökum frá Þórði Halldórssyni á Dagverðará, 27 snældur úr dánarbúi Helga Hóseassonar og upptökur á geisladiski þar sem Valgerður Skarphéðinsdóttir fer með sögur og kvæði. Haldið var áfram afritun og skráningu á eldra eftni. Nokkrir þjóðfræðinemar unnu rannsóknarverkefni í safninu og haldið var áfram vinnu við gagnagrunninn Munnleg geymd sem veitir aðgang að þjóðfræðiefni Árnastofnunar á Netinu.



*Skráning þjóðfræðisafnsins kynnt fyrir nemendum og gagnagrunnurinn Munnleg geymd*

## Örnefni

Í Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum bættast sífellt endurskoðaðar örnefnaskrár og kort, uppdrættir eða loftmyndir með örnefnum sem einstaklingar hafa gert á stafrænu formi eða á pappír. Safninu áskotnaðist á árinu mikið safn loftmynda úr Vestur-Húnavatnssýslu sem sveitarfélagið Húnaþing vestra lét vinna. Unnið hafði verið að þessu verkefni í nokkur ár en aðalskrásetjarar voru Guðlaug Sigurðardóttir og Þormóður Ingi Heimisson. Örnefni á þessum loftmyndum voru svo skráð í nýjan gagnagrunn Örnefnasafns og Landmælinga Íslands á árinu.

## Málfarsbankinn

Einar Björn Magnússon vann við yfirfærslu efnis Málfarsbankans yfir í nýja leitarvefsíðu byggða á Wordpress-bloggforritinu.

## Íðorð

Í árslok voru um 50 orðasöfn í birtingarhluta Orðabankans. Á árinu voru helstu viðbætur gerðar við orðasöfn í faraldsfræði, arkitektúr, upplýsingafræði, læknisfræði og um plöntuheiti.

# RANNSÓKNIR

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun þar sem unnið er að rannsóknum á sviði íslenskra fræða. Starfsmenn vinna við rannsóknir á frumgögnum stofnunarinnar. Akademiskir starfsmenn stunda einnig sjálfstæðar rannsóknir á fræðasviðum sínum.

## Einstök rannsóknaraðstaða

Stofnunin geymir verðmæt grunn gögn og frumheimildir. Auk þess er þar öflugt rannsóknarbókasafn á sviði íslenskra fræða. Á stofnuninni er því einstaklega góð aðstaða til rannsókna í íslenskum fræðum enda er hún vinsæl af stúdentum og háskólakennurum. Ætíð er mikil eftirspurn eftir vinnuáðstöðu, jafnt frá innlendum sem erlendum fræðimönnum, en þeir voru meira en sjötíu á síðasta ári.

Rannsóknarbókasafnið nýtur tveggja bókasjóða, sjóða Þorsteins M. Jónssonar og Birgit Baldwin, sem standa að langmestu leyti að baki bóka kaupum stofnunarinnar. Einnig berast stofnuninni bækur að gjöf á hverju ári. 234 eldri bækur komu frá Svavari Sigmundssyni, 62 bækur komu að gjöf frá öðrum. Ári Björnsson færði stofnuninni 15 bækur (þ. á m. nokkrar þýskar útgáfur frá 19. öld). Fjölskylda Jóns Eyþórssonar veðurfræðings færði stofnuninni Vídalínspostillu frá 1798 og Nockrar Saung-Vijsur ... eftir Jón Einarsson frá 1746. Silvia Cosimini og Marcel Otten sendu þýðingar sínar og nokkrir fleiri gáfu bækur eftir sig og aðra. Öll rit eru skráð í Gegni um leið og þau berast. Skráður eintakafjöldi í bókasafni stofnunarinnar er nú um 37.000 eintök bóka, korta og tónlistarefnis. Skrá yfir ný aðföng birtist á vefsíðu safnsins.

## Útgáfubækur ársins

### Hallgrímur Pétursson: Ljóðmæli 4

Á árinu kom út fjórða bindið í fræðilegri heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar (1614–1674). Það hefur að geyma andlegan kveðskap sem tengist hringrás náttúrunnar, tímaskiptum, svo sem dægra- og árstíðabreytingum, bæði lengri sálma og stök vers, alls 39 talsins. Hér eru morgun- og kvöldsálmar, sálmar við upphaf vetrar og sumars; sálmar sem ætlaðir voru til kennslu og uppfræðslu, t.d. við fermingarundirbúning, svo og tveir borðsálmar, annar ætlaður til söngs fyrir máltíð en hinn eftir máltíð. Texti hvers kvæðis er prent-

aður stafréttur eftir aðalhandriti en orðamunur úr öðrum handritum birtur neðanmáls. Gerð er rækileg grein fyrir varðveislunni hvers kvæðis og auk þess er handritunum lýst í sérstakri skrá. Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir önnuðust útgáfuna.

### Rómverja saga

*Rómverja saga* er sett saman úr þýðingum þriggja latinurita, *Bellum Jugurthinum* og *Conjuratio Catilinae* eftir Sallústíus og *Pharsalia* eftir Lúkanus. Sagan hefur varðveist í tveimur gerðum, eldri gerð sem stendur nærri upprunalegum texta verksins og yngri gerð sem geymir styttn og breyttan texta. Eldri gerðina er að finna í einu skinnhandriti frá fjórtándu öld en sú yngri er varðveitt, að hluta eða í heild, í sex handritum og handritsbrotum sem skrifuð voru á fjórtándu til sextándu öld. Í þessari nýju útgáfu eru báðar gerðir sögunnar prentaðar ásamt samsvarandi latinutexta. Í inngangi er gerð nákvæm grein fyrir handritum, fjallað ítarlega um þýðingarnar og þá latnesku texta sem liggja þeim til grundvallar, auk þess sem dregin eru fram einkenni beggja gerða íslenska textans. Þorbjörg Helgadóttir, ritstjóri við forn málsorðabókina í Kaupmannahöfn, annaðist útgáfuna en Svanhildur Óskarsdóttir hafði umsjón með verkinu af hálfu Árnastofnunar.

### Specimen Lexici Runicí

Ritið kom út á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Viking Society for Northern Research og er fimmta í ritröðinni Orðfræðirit fyrir alda. *Specimen Lexici Runicí* (Sýnishorn rúnaorðabókar) er fyrsta prentaða orðabókin um íslenskt mál. Hún var samin á fyrri hluta 17. aldar af séra Magnúsi Ólafssyni í Laufási (1573–1636) og gefin út í Kaupmannahöfn árið 1650. Uppflettiorðin eru með rúnalettri, þar af er hið latneska nafn bókarinnar dregið. Orðaforðinn nær fyrst og fremst yfir forníslensk rit, einkum Íslendingasögur, konungasögur og gamlan kveðskap sem ekki var til á prenti þegar orðabókin var gerð. Í þessari nýju útgáfu eru prentaðar myndir af frumútgáfunni frá 1650 en á gagnstæðri síðu við hverja mynd er settur samsvarandi texti eftir handriti sem varðveitt er í Uppsöllum í Svíþjóð og geymir uppskrift frumgerðar orðabókarinnar. Orðabók séra Magnúsar í Laufási varpar ljósi á sögu íslenskra orða og sýnir þekkingu og viðhorf lærdómsmanna til fornmennta á 17. öld sem var upphafssteið íslenskra fræða.



Úr fórum orðabókarmanns geymir greinar eftir Ásgeir Blöndal

Útgáfuna önnuðust Anthony Faulkes prófessor emeritus við háskólann í Birmingham og Gunnlaugur Ingólfsson rannsóknardósent við stofnunina.

### Úr fórum orðabókarmanns

Ritið geymir safn greina eftir Ásgeir Blöndal Magnússon. Ásgeir Blöndal starfaði um áratuga skeið við Orðabók Háskólans og varð landskunnur fyrir útvarpsþætti sína um íslenskt mál sem hann annaðist ásamt samstarfsfólki sínu við Orðabókina um árabíl. Í orðabókarstarfinu viðaði Ásgeir að sér mikilli þekkingu á íslenskum orðaforða sem bar rikulegan ávöxt í hinu mikla verki hans *Íslenskri orðsifjabók* sem kom út árið 1989. Ásgeir miðlaði af þekkingu sinni í ræðu og riti, birti lengri og skemmri pistla um uppruna og skyldleika orða og ritaði greinar um ýmis viðfangsefni í íslenskri málfræði.

### Gripla 21

Í *Griplu 21* eru 11 ritrýndar greinar, auk stuttgreinar eftir Ólaf Halldórsson um Landnám Þórólfs Mostrarskeggs og Auðar djúpúðgu. Þetta eru allt greinar sem geyma viðamiklar frumrannsóknir í tengslum við útgáfur stakra texta, útgáfusögu og skrifara síðari alda, handrita- og bókmenntafræði, hugmynda-sögu og aldur fornkvæða. Ritstjóri Griplu er Gisli Sigurðsson.



### Vappaðu með mér Vala

Hljóðdiskurinn geymir flutning Ásu Ketilsdóttur á sögum og kvæðskap. Ása Ketilsdóttir (f. 1935) fer með ýmsan fróðleik. Ása fæddist á Ytra-Fjalli í Aðaldal árið 1935 en hefur verið búsett á Laugalandi við Ísafjarðardjúp í rúmlega hálfa öld. Á disknum flytur Ása fjölbreytilegan kvæðskap, vísur, þulur, rímur og kvæði, og segir nokkrar sögur. Strandagaldur á Hólmavík gefur diskinn út í samvinnu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Auk þess höfðu Rósa Þorsteinsdóttir þjóðfræðingur og Skúli Gautason, sem sá um upptökur og hljóðvinnslu, umsjón með útgáfunni. Með disknum fylgir veglegur bæklingur skreyttur teikningum sem eru æskuverk Ásu sjálfar. Ásta Þórisdóttir hannaði útlitið.



*Gluggað í fjórða bindi Ljóðmæla Hallgríms Péturssonar*

### **Orð og tunga**

Í 12. árgangi eru fimm greinar tengdar þema hans, Nafnfræði í brennidepli. Þær fjalla allar um örnefni eða önnur staðaheiti frá ýmsum sjónarhornum. Auk þemagreinaanna eru birtar tvær aðrar greinar, önnur fjallar um beygingarsögu orða með viðskeytin *-ing* og *-ung* og hin er söguleg lýsing á norrænu litarheitunum *grænn* og *gulur*. Loks eru í heftinu bókafragnir þar sem greint er frá allmörgum nýlegum ritum á sviði tímaritsins og sögð deili á þeim. Ritstjóri er Guðrún Kvaran.

### **Rannsóknarverkefni**

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru unnar fjölbreyttar rannsóknir á sviði handrita- og textafræði, bókmennta, sögu, málfræði, orðfræði, nafnfræði og málræktar, iðulega á grunni þeirra verðmætu rannsóknargagna sem stofnunin varðveitir. Hér verða nefnd nokkur rannsóknarverkefni sem eru vel á veg komin.

#### *Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar*

Fjórða bindi Ljóðmæla Hallgríms kom út á árinu og unnið var áfram að fimmta bindi. Í því verða einkum lausavísur eignaðar skáldinu og vinna Kristján Eiríksson og Margrét Eggertsdóttir að útgáfu þeirra. Með útkomu fimmta bindis lýkur fyrsta hluta heildarútgáfunnar en aðrir hlutar eru sálmaflokkar, rímur og

laust mál. Samhliða þessari fræðilegu heildarútgáfu er stefnt að nýrri útgáfu verka Hallgríms fyrir almenning, með nútíma-stafsetningu og skýringum.

#### *Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti.*

Rannsóknarefnið er íslensk handrit síðari alda frá sjónarhorni nýrra kenninga innan textafræðinnar. Tekin verða til athugunar u.þ.b. 100 handrit, einkum frá 17. og 18. öld, sem upprunnin eru á þremur stöðum á landinu, þ.e. á suðvesturhluta landsins; á Hólum í Hjaltadal og nágrenni og á Vestfjörðum. Katelin Parsons, Johnny Lindholm og Karl Óskar Ólafsson unnu á árinu að handritalýsingum undir leiðsögn Svanhildar Óskarsdóttur, Þórunnar Sigurðardóttur og Margrétar Eggertsdóttur. Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði.

#### *Bragi – óðfræðivefur*

Bragi er fágætur gagnagrunnur og rannsóknartæki um kveðskap. Einingar hans eru: bragarhættir, höfundar, ljóð, lausavísur, lög, ljóðasafn og handbók. Á árinu 2010 var framsetning lagaeningarinnar bætt að mun og lög og bragarhættir tengd saman. Að því verki hafa unnið með umsjónarmanni, Kristjáni Eiríkssyni, og forritara, Braga Valdimar Skúlasyni, þær Elin Gunnlaugsdóttir tónskáld og Guðrún Laufey Guðmundsdóttir.

### *Sögur úr Vesturheimi*

Sögur úr Vesturheimi eru nærri 20 klst. af uppteknum og upp-skrifuðum sögum og kvæðum úr söfnunarleiðangri Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur til Vesturheims veturinn 1972–1973. Útgáfan er á lokastigi.

### *Sögur Íslendinga – Bergmál þjóðar*

Þetta er samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs og Kára G. Schram kvikmyndagerðarmanns og felst í söfnun og miðlun þjóð-fræðiefnis með kvikmyndum. Á árinu 2010 var haldið áfram að mjaka verkinu áfram og Þórunn Kjartansdóttir fengin til að annast tilraunaskráningu með það að markmiði að opna aðgang að efninu.

### *Handbók um íslensku*

Gengið var frá handriti að Handbók um íslensku. Samið var við JPV 30. júní um útgáfu á árinu 2011. Ritstjóri er Jóhannes B. Sigtryggsson.

### *Rannsóknarstofa í máltileinkun*

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á aðild að Rannsóknarstofu í máltileinkun. Markmið hennar eru að: 1) efla þverfaglegt rannsóknar- og þróunarsamstarf, innlent og alþjóðlegt, á sviði annarsmálsfræða, 2) koma á fót gagna-grunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknargögn, 3) miðla þekkingu á annarsmáls-fræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu net-tímarits, 4) stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu. Stofan gekkst fyrir málstofum á Hugvísindáþingi 2010.

### *Orðafar og orðaforði í íslenskum blaða- og nytjatextum 1870–1920*

Orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræð-um beinir sjónum í vaxandi mæli að gagnasöfnun og rann-sóknum á íslensku máli í lok 19. aldar og upphafi þeirrar tuttugustu. Starfsmenn hafa fengið styrki úr Rannsóknar-sjóði HÍ til tveggja verkefna sem snerta íslenskan orðaforða á umræddu tímabili og fela m.a. í sér öflun og úrvinnslu texta sem gert er ráð fyrir að verði hluti af stærra textasafni eða málheild. Sumarið 2010 var hafist handa við að móta aðferðir við vélrænar leiðréttingar á textunum.

### *ISLEX – Íslensk-norræn veforðabók*

ISLEX er íslensk-norræn veforðabók sem unnið er að á stofn-uninni í samvinnu við Háskólann í Gautaborg, Háskólann í Bergen og Det Danske Sprog- og Litteraturselskab (DSL) í Kaupmannahöfn. Starfandi er sérstök samráðsnefnd allra aðildarstofnana og eru Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson fulltrúar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í þeirri nefnd. Vinna við ISLEX gekk samkvæmt áætlun á árinu 2010 og í lok ársins var búið að fullvinna næstum allar flett-urnar. Verkið á að endurspeglar íslenska málnotkun samtímans og í því verða um 50.000 íslensk uppflettiorð með þýðingum á sænsku, norsku (bókmál og nýnorsku) og dönsku. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir hafa umsjón með útgáfunni sem verður lokið á árinu 2011. Verkefni styrkt úr norrænum sjóðum.

### *Íslenskt orðanet*

Íslenskt orðanet, [www.ordanet.is](http://www.ordanet.is), er orðabókarleg lýsing á íslenskum orðaforða þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brennidepli. Á árinu 2010 var lögð áhersla á greiningu orðavensla með hliðsjón af hliðskipuðum sam-böndum, einkum meðal nafnorða en að nokkru leyti einnig meðal lýsingarorða. Umsjón með orðanetinu hafa Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir.

### *Mörkuð íslensk málheild*

Verkefnið snýst um að koma upp safni valinna samtímatexta í rafrænu formi. Textarnir eru greindir málfræðilega þannig að hverri orðmynd fylgir greiningarstrengur (mark) sem sýnir orðflokk og fleiri málfræðileg atriði ásamt nefnimynd sem er eins konar flettimynd orðsins. Alls var safnað um 26 milljón-um lesmálsorða fyrir málheildina. Á árinu 2010 var áfram unnið við að undirbúa texta fyrir leitarkerfi og til dreifingar.

### *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og verðlaunasamkeppnin Þú átt orðið*

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls er safn beygingardæma á tölvutæku formi sem er grunnur að ýmiss konar máltækni-verkefnum en jafnframt er efnið birt á vefsetri stofnunarinnar. Á árinu 2010 var einkum sinnt gagnavinnu og endurbótum á gagnagrunni. Ritstjóri beygingarlýsingarinnar er Kristín Bjarnadóttir. Efnt var til samkeppninnar *Þú átt orðið* í sam-vinnu við Já Upplýsingaveitur og voru úrslit tilkynnt í mars.

# SAMSTARF INNANLANDS

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum leggur ríka áherslu á góð tengsl og virkt samstarf við almenning, heimildarmenn, fyrirtæki innanlands og stofnanir.

## Samstarf við stofnanir og fólk um allt land

Söfnun örnefna, þjóðfræða og orðasafna byggist á góðu samstarfi við heimildarmenn víðs vegar um landið og á stofnunin marga vildarvini sem efla söfn stofnunarinnar með þekkingu sinni. Stofnunin er einnig í góðu samstarfi við ýmsar stofnanir og fræðasetur á landsbyggðinni og á fulltrúa í stjórn sumra þeirra. Nefna má sem dæmi Snorrastofu, Miðstöð munnlegrar sögu, Þórbergssetur, Sarp og Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Hér verða nefnd nokkur dæmi um samstarfsverkefni stofnunarinnar.

### Frá Íslenskri málnefnd

Íslensk málnefnd starfar samkvæmt 9. gr. laga um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006. Samkvæmt reglugerð um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum veitir stofnunin Íslenskri málnefnd ákveðna þjónustu, einkum í tengslum við fundi nefndarinnar og samskipti út á við. Meginverkefni Íslenskrar málnefndar á árinu var að fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu í ritinu Íslenska til alls – Íslensk málstefna (2009). Vinnuhópur sá sem skipaður var 2009 hélt áfram störfum allt árið. Í honum sátu Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Guðni Olgeirsson frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, Haraldur Bernharðsson og Þórarinn Eldjárn frá Íslenskri málnefnd. Eftir 1. nóvember tók Sigurður Konráðsson sæti í vinnuhópnum í stað Þórarins.

Nefnd sú sem ráðuneytið skipaði til þess að gera tillögur að lögum um íslenska tungu og íslenskt táknmál lauk störfum í maí með ítarlegri skýrslu. Formaður nefndarinnar var Guðrún Kvaran. Ráðherra ákvað að fylgja málinu eftir á Alþingi með lagafrumvarpi. Íslenskri málnefnd ber samkvæmt lögum að senda frá sér árlega ályktun um stöðu íslenskrar tungu. Efnis ályktunar ársins 2010 var versnandi staða íslenskrar tungu í háskólasamfélaginu sem verður eitt þeirra verkefna sem málnefndin mun sérstaklega beita sér fyrir á skipunartímanum. Ályktunina má nálgast á heimasíðunni.

### Samstarf við Landmælingar Íslands, Loftmyndir ehf. og Vegagerðina

Á árinu 2008 hófust viðræður um samstarf nafnfræðisviðs Árnastofnunar við Landmælingar Íslands og Loftmyndir ehf. um að koma á fót gagnagrunni um loftmyndir fyrir Ísland þar sem hægt væri að færa inn örnefni. Loftmyndagrunnurinn er vistaður hjá Loftmyndum ehf. og hafa samstarfsaðilarnir aðgang að honum gegnum vefsíðu. Þar geta þeir merkt örnefni inn á loftmyndir og skilgreint ýmsa þætti þeirra og eiginleika, t.d. tegund örnefnis, heimild, flokkun (skv. staðli um landupplýsingar (LU)) o.fl. Á árinu 2010 var hafist handa af fullri alvöru við að setja gögn inn í gagnagrunninn. Fyrsta stóra verkefnið var innsetning gagna úr Húnaþingi vestra en Örnefnasafni áskotnuðust skömmu áður loftmyndir af allri sýslunni sem sveitarfélagið lét vinna. Starfið var að mestu unnið af sumarfólki fyrir tilstuðlan Vinnuálastofnunar. Verkið var unnið samhliða á Örnefnasafni og hjá Landmælingum Íslands.

Á árinu var efnt til samstarfs milli Örnefnasafns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landmælinga Íslands og Vegagerðarinnar. Verið er að leggja drög að samstarfssamningi milli þessara stofnana til að tryggja að örnefni á landinu séu birt með sem réttustum hætti, hvort sem er á kortum eða skiltum.

### Samstarf um munnlega sögu

Myndaður var samstarfshópur undir stjórn Fræðaseturs HÍ á Norðurlandi vestra um skráningu og miðlun hljóðheimilda og sótt um nokkra styrki. Auk stofnunarinnar taka þátt Tónlistarsafn Íslands, Miðstöð munnlegrar sögu, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Forsvar ehf. á Hvammstanga.

### Orðanefndir

Orðanefndir í faraldsfræði, atferlisgreiningu og arkitektúr hafa fundað reglulega hjá málræktarsviði og einnig hefur formaður orðanefndar læknafélaganna haft þar aðstöðu og verið í hlutastarfi við endurbætur á orðasafninu í læknisfræði. Þá hefur Ágústa Þorbergsdóttir einnig verið í samstarfi við fleiri orðanefndir, s.s. orðanefndir í landslagsarkitektúr, bilorðanefnd, orðanefnd í umhverfisfræðum og orðanefnd í menntunarfræðum. Samstarf hefur verið haft við Landlæknisembættið í sambandi við þýðingar á alþjóðlegu flokkunarkerfi um færni, flokkun og heilsu (ICF-flokkunar-



Gosið á Fimmvörðuhálsi vorið 2010

kerfið). Þá var á árinu gengið frá orðaskrá um evrópska menntastefnu (CEDEFOP) í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, menntavísindasvið Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins.

#### *Frá örnefnanefnd*

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og í samræmi við reglugerð nr. 136 um störf örnefnanefndar, frá 22. febrúar 1999. Haldnir voru 8 fundir í örnefnanefnd árið 2010 og tekin fyrir margvísleg erindi hvað varðar nöfn nýbýla og býla. Tekin var ákvörðun um 18 ný nöfn býla.

Mennta- og menningarmálaráðherra fól átta manna starfshópi 1. apríl 2010 að velja nýjum kennileitum á Fimmvörðuhálsi nafn. Í starfshópnum eiga sæti fulltrúar frá örnefnanefnd, frá Nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og frá Landmælingum Íslands. Starfshópurinn kallaði til ráðuneytis við sig tvo hópa manna, jarðvísindamenn og fulltrúa heimamanna. Starfshópurinn vann úr u.þ.b. 150 tillögum sem hópurinn fékk sendar beint eða fyrir milligöngu stofnana sinna eða þá að fulltrúar söfnuðu þeim sjálfir eftir því sem umræða í fjölmiðlum og netheimum gaf tilefni til. Hópurinn fékk einnig sendar tillögur úr nafnaleik sem Rás 2 stóð fyrir og tók mið af þeim tillögum. Tillagan er sú að gígararnir tveir á Fimmvörðuhálsi hljóti nöfnin Magni og Móði en að hraunið sem rann úr gígnum verði nefnt Goðahraun.





*Grunnskólanemar eru tíðir gestir á handritasýningu stofnunarinnar*

## MIÐLUN OG KENNSLA

Stofnunin ræktar þjónustuhlutverk sitt við íslenskan almenning, hvað varðar íslenska tungu og málrækt, örnefni og íslenskan menningararf, handritamenningu og þjóðfræði. Starfsmenn stofnunarinnar veita almenningi þjónustu eða ráðgjöf með ýmsum hætti, svara fyrirspurnum sem berast símleidis, í tölvupósti eða um heimasíðu, halda fyrirlestra og sjá um námskeið heima og erlendis.

Á vefsetri stofnunarinnar má fræðast um íslensk fræði. Þar er m.a. hægt að fletta upp í þeim fjölmörgu gagnagrunnum og skráum sem stofnunin viðheldur og senda inn fyrirspurnir sem snerta starfssvið stofnunarinnar. Viðburðir á sviði íslenskra fræða, fróðleikur um orð vikunnar og pistlar um örnefni mánaðarins eru fastir liðir á vefsetrinu. Á árinu bættist við aðgangur að handritavefnum [www.handrit.is](http://www.handrit.is) og yfirlit viðburða á vegum stofnunarinnar út árið 2011.

### Málfarsráðgjöf

Svarað var u.þ.b. 1.500 fyrirspurnum um málfar árið 2010, ýmist í síma eða tölvupósti. Málræktarsvið heldur einnig úti Málfarsbankanum á vef stofnunarinnar og fleiri vefsíðum með leiðbeiningum og ráðleggingum, m.a. um stafsetningu og beygingu orða, ýmis orðasambönd, ritreglur, landa- og íbúahæiti og margt annað.

### Handritasýning í Þjóðmenningarhúsi

Öll handrit voru fjarlægð af sýningunni í Þjóðmenningarhúsi haustið 2009 vegna endurbóta á sýningarskáp. Sýningin var þó opin áfram og gátu gestir skoðað ítarefni í fremsta sýningarherberginu sem og herbergi þar sem fjallað er um gerð handrita. Handritum var komið fyrir aftur í endurnýjuðum sýningarskáp í júní. Sýningargestir hússins árið 2010 voru 19.755 og munu flestir þeirra hafa skoðað handritasýninguna. Safnkennari stofnunarinnar, Svanhildur Gunnarsdóttir, tók á móti háskólastudentum á sumarnámskeiðum

stofnunarinnar og leiðsagði þeim um sýninguna. Þegar haust gekk í garð hófust síðan á ný heimsóknir íslenskra nemenda á grunnskóla- og framhaldsskólastigi auk þess sem Svanhildur tók á móti níu hópum danskra menntaskólanema.

## Ólafsmessa á vor

– *málþing til heiðurs Ólafi Halldórssyni níraðum*

Í tilefni níraðisafmælis dr. Ólafs Halldórssonar efndi stofnunin til málþings honum til heiðurs þann 16. apríl í samvinnu við Hekluasetrið á Leirubakka í Landsveit. Þar fluttu erindi Orri Vésteinnsson, Sveinn Yngvi Egilsson, Sverrir Tómasson og Valgerður Brynjólfsdóttir en fundarstjóri var Svanhildur Óskarsdóttir.

## Mjúk málsnilld orðanna

– *ráðstefna um bókmenntir sautjándu aldar*

Dagana 4.-6. júní var haldin norræn ráðstefna á vegum stofnunarinnar og Skálholtsstaðar með yfirskriftinni Mjúk málsnilld orðanna: Aðferðir til skilnings og túlkunar á bókmenntum sautjándu aldar. Veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar höfðu Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir en auk þeirra fluttu erindi á ráðstefnunni Árni Heimir Ingólfsson, Henrik Blicher, Jon Haarberg, Kristján B. Jónasson, Hanne Lauvstad, Mats Malm, Sigurður Pétursson, Svanhildur Óskarsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

## Sumarskóli í handritafræðum

Árlegur sumarskóli Árnastofnananna tveggja var að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn dagana 12.–20. ágúst í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og háskólana í Cambridge, Tübingen og Zürich. Námskeiðið sóttu að þessu sinni 48 nemendur frá 17 þjóðlöndum. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir leiðbeindu á námskeiðinu af hálfu stofnunarinnar.

## Vísindavaka

Stofnunin tók þátt í Vísindavöku 24. september. Á sýningunni gátu gestir spreytt sig við skriftir með fjaðurstaf á kálfskinnsbút, flett litljósprenti af handriti Skarðsbókar, fræðst um handritin á vefnum Handritin heima og flett í Orðabankanum, banka fullum af fræðiheimum og nýyrðum.

## Dagur íslenskrar tungu

Stofnunin tók að sér að undirbúa ýmsa verkþætti við undirbúning dags íslenskrar tungu, einkum hátíðarsamkomu mennta- og menningarmálaráðuneytis í Borgarnesi þar sem afhent voru verðlaun og viðurkenningar.



## Kennsla við Háskóla Íslands

Starfsmenn kenna jafnan námskeið á fræðasviði sínu við Háskóla Íslands. Guðvarður Már Gunnlaugsson kenndi handritafræði á haustmíssi auk þess að taka þátt í námskeiðinu Aðferðir og vinnubrögð við íslensku- og menningardeild. Sérfræðingar stofnunarinnar taka jafnan ríkan þátt í kennslu í hinu alþjóðlega meistaranámi Medieval Icelandic Studies. Haraldur Bernharðsson kenndi forníslensku á haustmíssi og Svanhildur Óskarsdóttir og Jóhannes Bjarni Sigtryggsson kenndu saman námskeið á vormíssi í handritavinnu. Ágústa Þorbergsdóttir kenndi námskeiðið Íðorðfræði í Þýðingarfræði. Hún kenndi einnig samnorrænt iðorðanamskæði í fjarkennslu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum; Copenhagen Business School; Syddansk Universitet, Kolding; Norges Handelshøyskole, Bergen; Vasa Universitet, Vasa og Terminologicentrum TNC, Stokkhólmi. Ágústa hélt einnig fyrirlestur í námskeiðinu Mál og kyn á vormíssi. Rósa Þorsteinsdóttir kenndi og hafði umsjón með námskeiðinu Þjóðlagaakademía 2010 sem haldið var af stofnuninni og Þjóðlagasetri sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði í samvinnu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands sem báðir meta námskeiðið til tveggja eininga. Gisli Sigurðsson kenndi námskeið á vormíssi um munnlega hefð og íslenskar fornsögur og kvæði innan þjóðfræðinnar á félagsvísindasviði og tók á haustmíssi þátt í MIS-námskeiði á hugvísindasviði um Kenningar um sögur um Íslendinga. Loks hélt Ari Páll Kristinsson fyrirlestur í námskeiðinu Icelandic culture, Háskóla Íslands, haustmíssi.

Fjölmargin nemendur í BA- og MA námi nutu góðs af leiðbeiningu starfsmanna stofnunarinnar við vinnu að lokaritgerð eða unnu rannsóknarverkefnið við safnið.

## Icelandic Online

Icelandic Online I og II er kennsluefni á Netinu sem unnið var í samstarfi milli íslenskuskorar hugvísindadeildar Háskóla Íslands, Hugvísindastofnunar og Stofnunar Sigurðar Nordals. Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands bauð upp á fjarnámskeið



í sambandi við Icelandic Online bæði á vormisseri og haustmisseri 2010.

Síðan 2005 hefur verið skilyrði fyrir þátttöku í alþjóðlegu sumarnámskeiði í íslensku við Háskóla Íslands að hafa lokið Icelandic Online I með góðum árangri. Þetta er nú einnig gert að skilyrði fyrir þátttöku í vetrarnámi við háskólann og hefur reynt vel.

Í samstarfi við háskólastofnanir á Norðurlöndum var sótt um styrki frá Nordplus Sprog-áætluninni 2008 til að bæta við námsfernið tveimur áföngum, Icelandic Online III og IV, og búa til eins konar aðfaranám fyrir innflytjendur. Var orðið við styrkbeiðnunum. Birna Arnbjörnsdóttir dósent var verkefnisstjóri. Úlfar Bragason rannsóknarprófessor sat með henni í verkefnisstjórn.

Bjarki M. Karlsson MA, Halldóra Þorláksdóttir MA, Jón Gíslason MA, Kolbrún Friðriksdóttir MA og Olga Holownia MA unnu í hlutastarfi við að endurskoða fyrra efni og bæta við það og síðan við nýja efnið. Jafnframt komu nokkrir íslenskukennarar erlendis að vinnunni við nýja efnið. Þórunn Hafstað kvikmyndagerðarkona vann myndbönd og Patrick Thomas tölvunarfræðingur var tæknilegur ráðgjafi verkefnisins.

Nýju námskeiðin voru opnuð til almennrar notkunar 7. september 2010. Slóðin er: [www.icelandiconline.is](http://www.icelandiconline.is)

## Nordkurs

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum annaðist norrænt sumarnámskeið í íslensku í Háskóla Íslands 7. júní–1. júlí. Þátttakendur voru 32.

## Alþjóðlegt sumarnámskeið í íslensku

Dagana 5.–30. júlí gengust Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og hugvísindasvið Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Þátttakendur voru 38.

## Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Stofnunin gekkst fyrir sex vikna námskeiði í íslensku fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku í samvinnu við University of Minnesota, dagana 24. maí–2. júlí. Fór fyrri hluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík. Nemarnir voru níu sumarið 2010.

## Gagnvirk heimasíða

[www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

[www.arnastofnun.is/english](http://www.arnastofnun.is/english)

[www.arnastofnun.is/skandinavisk](http://www.arnastofnun.is/skandinavisk)



*Nemendur læra forvörslu*

## Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmenni af íslenskum ættum sem dvöldust sumarið 2010 á Íslandi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram dagana 14.–24. júní.

## Sigurðar Nordals fyrirlestur

Á fæðingardegi dr. Sigurðar Nordals 14. september flutti Pétur Gunnarsson rithöfundur opinberan fyrirlestur í Norræna húsinu í boði stofnunarinnar sem hann nefndi: „Ef ég gæti ekki elskað þessa þjóð...“ Pétur fjallaði um viðhorf Sigurðar Nordals til þess að vera Íslendingur eins og þau birtast í Íslenski menningu.

## Umræðuvettvangur um norræn mál og menningu

Stofnunin gekkst á árinu fyrir umræðuvettvangi um norræn mál og menningu í samvinnu við Norræna húsið. Hinn 25. febrúar var umræðufundur um menningarstjórnun í Norræna húsinu, 12. mars var málþing um hefðarröð í norrænum bókmenntum og 15.–17. apríl voru málstofur um norræn tungumál á þingi til heiðurs Vigdísar Finnbogadóttur áttæðri. Hinn 7. maí fór fram umræða um ungt fólk og atvinnulífið í Norræna húsinu og 12. maí var kynning á MAGMA - Finnlandssenskri hugveitu. Dagana 24.–25. september var haldið norrænt málþing á vegum Rannsóknarstofu í máltileinkun um tileinkun annars máls og um gagnagrunna fyrir tungumál og rannsóknir.

# ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Starfsmenn stofnunarinnar eru í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Akademískir starfsmenn eru í miklu rannsóknasamstarfi við erlenda fræðimenn og kennda á síðasta ári við ýmsa erlenda háskóla en einnig eru þeir iðulega fulltrúar Íslands í alþjóðlegu samstarfi á vettvangi stofnunarinnar, svo sem í norrænu tungumálasamstarfi.

## Alþjóðleg rannsóknarstofnun

Stofnunin er ein meginstofnana á sviði íslenskra fræða í heiminum og laðar því að sér erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir í íslenskum fræðum. Í gögnum hennar býr sérstæða stofnunarinnar á alþjóðlega vísu; þar er geymdur einstakur efniviður til rannsókna. Bókasafnið hefur eflst mjög á undanförunum árum. Ásamt gagnasöfnum stofnunarinnar dregur það að sér vísindamenn og stúdenta. Rannsóknasamfélag stofnunarinnar er því mjög alþjóðlegt. Á árinu 2010 nutu um sextíu erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Arnastofnun um lengri eða skemmri tíma, auk þess sem erlendir stúdentar nutu rannsóknaraðstöðu og leiðsagnar starfsmanna.

## Alþjóðlegt tengslanet

Stofnunin heldur utan um upplýsingar um fræðimenn í íslenskum fræðum sem eru aðgengilegar í gagnabanka á heimasíðu stofnunarinnar. Þar eru skráðir um 700 fræðimenn í íslenskum fræðum víða í heiminum. Einnig er þar að finna lista yfir þýðendur úr íslensku máli yfir á erlend mál.

## Íslenskukennsla erlendis

Stofnunin annast umsjón með kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við mennta- og menningar- málaráðuneytið. Árið 2010 voru sextán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Annars staðar byggjast framlög á bréflugu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda kennurunum að hafa samband við heimalandið. Voru flestir kennararnir sem sinntu kennslunni í fullu starfi: fimm á Norðurlöndum, fjórir í Þýskalandi, einn á Ítalíu, tveir í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi, einn í Kanada og einn í Kína. Sérstakir samningar voru í gildi um framlög til íslenskukennslu við Rómarháskóla „La Sapienza“, þar sem íslensk stjórnvöld greiða fyrir kennsluna, University College

London og Humboldtháskóla í Berlín, en í báðum þessum skólum greiða íslensk stjórnvöld hálf laun íslenskukennara, og Manitobaháskóla í Winnipeg en árlegt launaframlag til kennslunnar þar nemur einni milljón króna. Vegna fjárhagserfiðleika var stuðningi við Rómarháskóla hætt um mitt ár og kennsla við Bejingháskóla erlendra mála var aðeins studd á vormisseri.

Pritugasti og sjötti fundur íslenskukennara erlendis var haldinn við University College London og Cambridgeháskóla dagana 28.–29. maí. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við íslenskukennarana.

Stundakennsla í íslensku við Cambridgeháskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2009–2010. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Wasedaháskóla styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Fyrir utan þá skóla þar sem íslensk stjórnvöld styðja íslenskukennslu er íslenskt nútímamál kennt við nokkra erlenda háskóla af þarlandum kennurum eða Íslendingum í stundakennslu. Meðal þessara skóla eru háskólarnir í Greifswald, Göttingen, Bonn, Köln, Frankfurt, Tübingen og Freiburg í Þýskalandi, Basel og Zürich í Sviss, Moskvu í Rússlandi, Vilnius í Litháen, Poznan og Varsjá í Póllandi, Sofíu í Búlgaríu, Brigham Young-háskóli og Wisconsinháskóli í Madison í Bandaríkjunum og Tokaiháskóli í Japan. Stofnunin hefur þó veitt þessum skólum margháttadar upplýsingar og sent sumum þeirra bókagjafir.

Á alþjóðasviði eru uppfærðar reglulega upplýsingar um háskóla sem kenna íslensku erlendis, bæði fornmálið og nútímamál. Upplýsingarnar eru aðgengilegar í gagnabanka sem vistaður er á heimasíðunni. Í gagnabankann eru skráðir um 100 skólar sem kenna íslensku, forna og nýja, í 24 löndum. Slóðin er: [www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_al\\_fraedimannaskra](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_al_fraedimannaskra)

## Menotec

Haraldur Bernharðsson er þátttakandi í verkefninu Medieval Norwegian Text Corpus (MENOTEC) sem styrkt er af Norska rannsóknarráðinu. Verkefnisstjóri er Christian-Emil Ore við Óslóarháskóla.

## Fundur norræna þjóðlagafræðinga

Árvis fundur norrænna þjóðlagafræðinga og –safna var haldinn á vegum stofnunarinnar 6.–7. október. Rósa Þorsteinsdóttir skipulagði fundinn og sóttu hann fræða- og safnafólk frá Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku.

## Ráðstefna um goðafræði

Gisli Sigurðsson og Terry Gunnell skipulögðu alþjóðlega ráðstefnu um goðafræði, *Gods and Goddesses on the Edge: Myth and Liminality. An interdisciplinary Conference on Nordic Mythology*, í Norræna húsinu 12.–13. nóvember 2010.

## Íðorðamál

Stofnunin á aðild að Nordterm, samtökum norrænna íðorðastofnana og tekur þátt í norrænu fjarkennsluverkefni í íðorðastræði, Termdist. Þá á stofnunin aðild að alþjóðlegu íðorðasamtökunum Infoterm og hinum evrópsku, EAFT.

## Norrænar málnefndaskrifstofur

Stofnunin tekur þátt í samstarfsneti norrænu málnefndaskrifstofanna, s.s. með þátttöku í samvinnuverkefnum á sviði málfarsráðgjafar, rannsókna, tæknimála, útgáfu tímaritsins *Språk i Norden* o.fl.

## Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fær fjárveitingu þaðan. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans.

Nefndin úthlutar styrkjum til samstarfsverkefna, einkum til kynningar á menningu Norðurlanda annars staðar í Evrópu, og gengst auk þess fyrir kennaraþingum í Evrópu. Samstarfsnefndin hefur einnig leitast við að efla Norðurlandafræði í Norður-Ameríku og í Asíu.

Upplýsingar um starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu [www.arnastofnun.is/samarbetsnamnden](http://www.arnastofnun.is/samarbetsnamnden)

## Snorrastyrkir

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi.

Á árinu 2010 nutu þriggja mánaða styrkja hvert: Claudia Di Sciacca, dósent í þýskri textafræði við háskólann í Udine



Stúdentar á alþjóðanámskeiði í íslensku æfa beygingar á Bergþórshvoli

á Ítalíu, til að vinna að rannsóknum á íslensku þýðingunni á Elucidarius eftir Honarius Augustodunensis; Imreh Andrés, rithöfundur og þýðandi í Búapest, til að kynna sér íslenska ljóðlist og þýða á ungversku, og Marcel Otten, þýðandi á Írlandi, til að þýða Gerplu á hollensku.


# VIÐBURÐIR 2010



Á degi íslenskrar tungu



Á Vísindavöku



Nýr vefur handrita kynntur: [www.handrit.is](http://www.handrit.is)

## Janúar

Ný verkefni fara af stað fyrir tilstuðlan styrkja úr Rannsóknasjóði: Miðaldahandrit eddukvæða: rafræn útgáfa og lemmaður orðstöðulykill og Menningarlegt og félagslegt hlutverk íslenskra kvæða- og sálmahandrita eftir siðskipti. Rannsóknastöðupegi bætist í hóp fræðimanna á stofnuninni til að vinna verkefnið: Rannsóknir í Hrólfis sögu Gautrekssonar.

## Febrúar

Málþing um menningarstjórnun í samstarfi við Norræna húsið er haldið 25. febrúar.

## Mars

Úrslit ráðast í samkeppni Árnastofnunar og Já.is Þú átt orðið um hugvitsamlega notkun á gögnum úr Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls. Veitt voru fyrstu verðlaun fyrir orðaleikinn Orðavinda, önnur verðlaun fyrir Orðaleit, þriðju verðlaun fyrir bætt gagnsnið og aukaverðlaun fyrir Beygingarlýsingu fyrir dummies.

## Apríl

Máltæknisetur stendur fyrir máltækniráðstefnu 15. apríl. Setrið heldur ráðstefnur um íslenska máltækni annað hvert ár.

Stofnunin efnir til málstefnunnar Ólafsmessa á vor til heiðurs Ólafi Halldórssyni handritafræðingi níræðum þann 18. apríl. Málstefnan fer fram á Leirubakka í Landsveit þann 16. apríl.

Handritavefur vígður 21. apríl. [www.handrit.is](http://www.handrit.is) veitir aðgang að sögulegum handritum sem ná hundruð ára aftur í timann og þar eru sameinuð handritasöfn stofnunarinnar, Árnastofnunar í Danmörku og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

## Mái

Málþing um ungt fólk á hnattrænum vinnumarkaði í samstarfi við Norræna húsið og norræna samstarfsnefnd er haldið 7. maí. Rætt um þá kynslóð Svía sem voru á unglingsaldri þegar bankakreppan varð í Svíþjóð á 10. áratugnum.

Málþing um Finnlandssænsku hugmyndasmiðjuna Magma er haldið í samstarfi við Norræna húsið og norræna samstarfsnefnd. Magma er ætlað að rannsaka og skapa umræður um málefni sænskumælandi minnihlutans í Finnlandi.

Stofnunin og Háskóli Íslands gera með sér samning þess efnis að forstöðumaður Árnastofnunar muni jafnframt gegna að hluta starfi prófessors við Íslensku- og menningardeild HÍ. Með því efla Háskólinn og stofnunin starfs- og rannsóknatengsl sín.

## Júní

Norræn ráðstefna um málsniild og ljóðlist sautjándu aldar er haldin 4.–6. júní í samstarfi við Skálholt.

Stofnunin annast sex vikna sumarnámskeið í íslensku máli og menningu fyrir norræna stúdenta og tveggja vikna fyrir ungmenni frá Kanada og Ameríku í svokölluðu Snorraverkefni.

Heimsókn kanadískra háskólanema. 7. júní heimsótti stofnunina 19 manna hópur kanadískra háskólanema ásamt tveimur kennurum sínum. Nemarnir fengu fyrirlestur um íslensk handrit, hraðnámskeið í handritalestri og fræðslu um smásjárrannsóknir á handritum auk kynningar á þjóðfræðasafninu og leiðsögn um handritasýninguna.

Vefurinn Handritin heima á þýsku. Fræðsluvefurinn Handritin heima eftir þær Laufeyju Guðnadóttur og Soffíu Guðnýju



Á aldarafmæli örnefnasöfnunar



Kanadískir háskólanemar læra handritalestur

Guðmundsdóttur var þýddur á þýsku og ornaður 23. júní við hátíðlega athöfn í háskólanum í Kiel.

## Júlí

Stofnunin efnir til fjögurra vikna alþjóðlegs sumarnámskeiðs í íslensku í samvinnu við Hugvísindasvið HÍ. Um 30 erlendir stúdentar sækja námskeiðið.

Þjóðlagasetrið á Siglufirði og Árnastofnun standa fyrir námskeiði um heim þjóðlaga í samvinnu við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands dagana 7.–11. júlí.

## Ágúst

Ný stjórn stofnunarinnar er skipuð þannig: Lára Magnúsdóttir formaður, Ásgrímur Angantýsson varaformaður, Guðrún Þórhallsdóttir, Torfi Tulinius og Terry A. Gunnell.

Alþjóðlegur sumarskóli í handritafræðum hefst 12. ágúst á vegum Den Arnamagnæanske Samling og stofnunarinnar. Að þessu sinni fer námið fram í Kaupmannahöfn en er annað hvert ár í Reykjavík.

Ráðstefnan IceTal 2010 er haldin á Íslandi þetta árið. Ráðstefnan er vettvangur fyrir vísindamenn í máltækni til að birta og ræða niðurstöður rannsókna sinna. Máltækniisetur, sem stofnunin er aðili að, stendur fyrir ráðstefnunni.

## September

Þrjú ný íslenskunámskeið eru opnuð formlega á kennsluvefnum Icelandic Online. Eitt námskeiðanna er fyrir byrjendur og tvö eru framhaldsnámskeið. Ókeypis aðgangur er að Icelandic Online sem er unnið í samstarfi við Hugvísindastofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september flytur Pétur Gunnarsson rithöfundur fyrirlestur í boði stofnunarinnar sem hann nefnir: „Ef ég gæti ekki elskað þessa þjóð ...“

Stofnunin tekur þátt í Vísindavöku 21. september.

## Október

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að örnefnaskráning hófst er haldið málþing í Þjóðminjasafninu um örnefni 30. október.

## Nóvember

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember. Stofnunin tekur að sér verkefni að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis í tengslum við daginn. Vigdís Finnbogadóttir hlýtur verðlaun Jónasar Hallgrímssonar.

[www.handrit.is](http://www.handrit.is) hlýtur fyrstu verðlaun í Hagnýtingarsamkeppni Háskóla Íslands 2010. Stofnunin, Árnastofnun í Danmörku og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tóku höndum saman við vinnslu vefsins.

## Desember

Hugmynd að alþjóðlegu meistaranámi í norrænum miðaldafræðum hlýtur styrk frá Norrænu ráðherranefndinni. Fyrstu nemendur geta því hafið nám við Háskóla Íslands haustið 2012. Námið er á vegum Háskólans í samvinnu við Árnastofnun, Háskólann í Ósló, Háskólann í Árósum og Árnastofnun við Háskólann í Kaupmannahöfn.



Mynd á forsiðu: Uppdráttur Samúels Eggertssonar (1864–1949) af  
Porskafirði

Ljósmyndir: Jóhanna Ólafsdóttir, David Karná, Jón G. Friðjónsson,  
Kristín Bjarnadóttir, Laufey Guðnadóttir, Max Naylor,  
Landnámssetrið og Þjóðminjasafnið

Hönnun: Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir  
Prentun: Svansprent